

Ed.

172. Breytingartillaga

[89. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Iðnfyrirtækjum er óheimilt að vinna úr til sölu öðrum vefnaðarvörum en þeim, sem þau hafa keypt samkvæmt gjaldeyris- og innflutningsleyfum, er þeim hefur verið úthlutað. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.